

Mál nr. 191/2016
M vegna bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar G.

Steinn skaust undan sláttuvél á bifreið 4.6.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.6.2016 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V dags. 24.6. 2016

Málsatvik.

M segist hafa ekið A norður Vatnsendaveg þegar hann heyrði eitthvað koma í hægri hlið hlið A eins og grjót hefði farið í bifreiðina en þá hafi hann verið að aka framhjá manni sem var að slá gras og grjótið því líklega kastast af sláttuvélinni. Sláttumaðurinn sagðist hafa verið að slá gras og vera að vinna hjá G og vel gæti verið að grjót hefði kastast frá sláttuvélinni, en hann hefði ekki tekið sérstaklega eftir því. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu G hjá V, en V hafnar bótaskyldu og segir engin gögn liggja fyrir um að sláttumaðurinn beri sök á tjóninu á A. Þá liggi ekki fyrir nein gögn um að sláttumaðurinn hafi sýnt af sér slíka háttsemi sem teljist vera gáleysisleg, hirðulaus eða ámælisverð og því geti það ekki bakað honum bótaábyrgð.

Álit.

M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu G hjá V. Ekki hefur verið sýnt fram á að sá starfsmaður G sem sá um að slá gras í umrætt sinn þegar stein gæti hafa skotist undan vélinni og á A, hafi sýnt af sér gáleysi eða hagað vinnulagi með óeðlilegum hætti. Þá er ekki sýnt fram á að nokkuð hafi verið óeðlilegt við sláttuvélina sem um ræðir eða annað sem gæti leitt til sakar G á tjóni A. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 19.8.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.